Kingdomino™

Rules | Règles | Regeln | Regole
Reglas | Reglur | Spelregels | Правила

Bruno Cathala
Cyril Bouquet

Þakkir færCharlotte Bey fyrir hennar þátt
við grafíska hönnun spilsins

blue orange™
Hot Games Cool Planet

8 +

2-4

15 min

Innihald:

- 4 byrjunarreitir
- 4 kastalar í þrívídd (1 bleikur, 1 gulur, 1 grænn, 1 blár)
- 48 dómínóflísar (landslag á annarri hliðinni og tölur á hinni)
- 8 kóngar úr viði í 4 litum (2 bleikir, 2 gulir, 2 grænir, 2 bláir)

Inngangur

Þú ert lávarður sem þarf að leggja undir þig ný lönd til að stækka ríki þitt. Þú þarft að kanna öll lönd, akra, vötn og fjöll til að finna bestu svæðin. En gættu þín, því að það eru fleiri sem ásælast þessi sömu lönd.



Ath. Setjið saman litlu kastalana fjóra áður en byrjað er að spila.

Markmið spilsins

Að byggja upp konungsríki; leggja niður flísar sínar í 5x5 reita ferning svo þeir tengist og gefi sem flest stig.

Set-up:



- Setjið kassann til hliðar eins og sést á myndinni.
- Hver leikmaður tekur sér
  - Ef 2 spila: tvo kónga í sínum lit.
  - Ef 3 eða 4 spila: einn kóng í sínum lit.
- Hver leikmaður tekur sér byrjunarreit (ferning) og kastala í sama lit. Hann leggur byrjunarreitinn fyrir framan sig þannig að hann snúi upp og setur kastalann ofan á hann.
- Stokkið allar dómínóflísarnar vandlega og leggið þær af handahófi í bunka í kassann með talnahliðina upp:
  - Ef 2 spila: Byrjið á að taka 24 flísar úr af handahófi og leggið þær til hliðar. Spilið með hinum 24.
  - Ef 3 spila: Takið 12 flísar úr af handahófi og spilið með hinum 36.
  - Ef 4 spila: Notið allar 48 flísarnar.

- A Dragið síðan úr bunkanum jafnmargar flísar og kóngarnir eru í spilinu (t.d. 3 flísar ef þrír spila og 4 flísar ef tveir eða fjórir spila). Leggið þær við hliðina á kassanum, með talnahliðina upp, í hækkandi röð (lægsta talan á alltaf að vera næst kassanum). Snúið flísunum síðan við svo landslagshliðin snúi upp.

- B Einn leikmanna tekur alla kóngana í lófann, hristir þá saman og tekur svo fram einn í einu. Hver leikmaður tekur sinn kóng þegar hann birtist og leggur ofan á auða flís í röðinni. Það má bara vera einn kóngur á hverri flís þannig að sá sem er síðastur að fá sinn kóng hefur ekkert val um staðsetningu (ef 2 spila fær hvor leikmaður 2 flísar, eina fyrir hvorn af kóngunum sínum).

- C Þegar búið er að velja allar flísarnar er búin til ný röð, á sama hátt og áður, með því að draga nýjr flísar.



Gangur spilsins

Staðsetning kóngana á dómínóflísaröðinni ræður því í hvaða röð leikmenn gera.

Sá sem á kónginn sem er ofan á fyrsta dómínókubbnum (næst kassanum) byrjar.

Hann verður að gera eftirfarandi:

Ⓓ 1: Bæta flísinni sem hann valdi við yfirráðasvæði sitt eftir tengireglunum.

Ⓓ 2: Velja sér flís í nýju röðinni og færa kónginn sinn á hann.



Þá er komið að þeim leikmanni, sem á kónginn á flís númer tvö að gera það sama og þannig áfram uns síðasti leikmaðurinn hefur gert.

Ef 2 spila gerir hvor leikmaður aðgerð Ⓓ 1 og Ⓓ 2 tvisvar, einu sinni fyrir hvorn kóng.

Myndið því næst til nýja röð af flísum og byrjið nýja umferð.

Spilaðar eru 12 umferðir ef 3 eða 4 spila en aðeins 6 umferðir þegar 2 spila (því hvor leikmaður gerir tvisvar í hverri umferð).

Tengireglur:

Leikmenn þurfa að byggja upp ríki sitt á svæði sem er 5x5 reitir (á hverri flís eru tveir reitir).

Til að mega leggja niður flísina sína þarf leikmaður:

♦ Annað hvort að láta hana tengjast byrjunarreitnum (byrjunarreiturinn er jóker í þeim skilningi að það má setja hvaða landslag sem er við hlið hans)

♦ Eða tengja hana (lárétt eða lóðrétt) annarri flís þar sem a.m.k. annar reiturinn er með sams konar landslagsmynd.

Geti leikmaður ekki lagt niður flísina sína samkvæmt þessum reglum verður hann að kasta henni án þess að fá nein stig fyrir hana.

Allar flísar þínar verða að passa 5x5 reita ferning. Ef skipulagið klikkar og ein eða fleiri flís passar ekki inn verður að kasta þeim. Þá fást engin stig fyrir þær.

Leikslok

Þegar búið er að mynda síðustu flísaröðina er komið að síðustu umferð en nú fá leikmenn aðeins að gera aðgerð Ⓓ 1.

Hver leikmaður ætti nú að vera með fyrir framan sig ríki sitt sem samanstendur af 5x5 reitum (hjá sumum kann að vanta inn í vegna þess að þeir neyddust til að henda einhverjum flísum – sjá framar).

Síðan reiknar hver leikmaður út stigin fyrir ríki sitt á eftirfarandi hátt.

☙ Ríki samsett úr mismunandi LANDAREIGNUM (hópar reita með sams konar landslagi sem tengjast annað hvort lárétt eða lóðrétt).

☙ Hver landareign gefur jafnmörg stig og FJÖLDI REITANNA margfaldaður með FJÖLDA KÓRÓNA (sjá hér á eftir) sem er að finna á landareigninni.

☙ Hægt er að eiga fleiri en eina landareign með sams konar landslagi innan sama ríkis.

☙ Landareign án kóróna gefur engin stig.

☙ Hver leikmaður leggur saman stigin sem hver og ein af landareignum hans gefur til að fá út stigafjölda sinn.

Sá sigrar sem fær flest stig.

Ef um jafntefli er að ræða vinnur sá leikmanna sem á <u>stærstu landareignina</u> (hvort sem á henni eru kórónur eða ekki).

Ef enn er um jafntefli að ræða vinnur sá sem á flestar kórónur.
Ef enn er um jafntefli að ræða deila leikmennirnir sigrinum.

Viðbótarreglur

- **Ættarveldi:** Spilið þrjár umferðir í röð. Sá sigrar sem þá hefur fengið flest stig.
- **Miðríkið:** Fáið 10 aukastig ef kastalinn ykkar er í miðju ríkisins.
- **Samhljómur:** Fáið 5 aukastig fyrir fullkomið konungsríki (án þess að þurfa að henda neinum kubbum).
- **Einvígið mikla:** Fyrir 2 leikmenn: eftir eitt eða tvö æfingaspil berjast meistararnir um að byggja stærsta konungsríkið: notið ALLA dómínókubbana til að byggja ríki sem er 7x7 reitir (gott er að hafa blað og penna til að skrifa niður stigin)

Einnig má blanda saman þessum ólíku útgáfum að vild.



© 2016 Blue Orange. Kingdomino and Blue Orange are trademarks of Blue Orange. Game published and distributed under license by Blue Orange, 97 impasse Jean Lamour, 54700 Pont-à-Mousson, France. Made in China. Designed in France.
www.blueorangegames.eu

© 2016 Blue Orange. Kingdomino et Blue Orange sont des marques de Blue Orange. Le jeu est publié et distribué sous Licence par Blue Orange, 97 impasse Jean Lamour, 54700 Pont-à-Mousson, France. Made in China. Designed in France.
www.blueorangegames.eu

© 2016 Blue Orange. Kingdomino und Blue Orange sind Markenzeichen von Blue Orange. Veröffentlichung und Vertrieb des Spiels unter der Lizenz von Blue Orange, 97 impasse Jean Lamour, 54700 Pont-à-Mousson, Frankreich. Hergestellt in China. Entwickelt in Frankreich.
www.blueorangegames.eu

© 2016 Blue Orange. Kingdomino e Blue Orange sono marchi depositati di Blue Orange. Il gioco è pubblicato e distribuito su licenza di Blue Orange, 97 impasse Jean Lamour, 54700 Pont-à-Mousson, Francia. Prodotto in Cina. Ideato in Francia.
www.blueorangegames.eu

© 2016 Blue Orange. Kingdomino y Blue Orange son marcas registradas de Blue Orange. Juego publicado y distribuido por Blue Orange, pasaje Jean Lamour 97, 54700 Pont-à-Mousson, Francia. Fabricado en China. Diseñado en Francia.
www.blueorangegames.eu

© 2016 Blue Orange. Kingdomino e Blue Orange são marcas registadas da Blue Orange. Distribuído sob licença da Blue Orange, 97 impasse Jean Lamour, 54700 Pont-à-Mousson, França. Fabricado na China. Desenvolvido na França.
www.blueorangegames.eu

© 2016 Blue Orange. Kingdomino en Blue Orange zijn merknamen van Blue Orange. Spel gepubliceerd en verspreid onder licentie van Blue Orange, 97 impasse Jean Lamour, 54700 Pont-à-Mousson, Frankrijk. Vervaardigd in China. Ontworpen in Frankrijk.
www.blueorangegames.eu

© 2016 Blue Orange. Kingdomino **и** Blue Orange – **торговые марки** Blue Orange. **Игра издана по лицензии** Blue Orange, 97 impasse Jean Lamour, 54700 Pont-à-Mousson, France**. Сделано в Китае. Разработано во Франции.**
www.blueorangegames.eu

blue orange
Hot Games Cool Planet

DR. EUREKA™
blue orange

BATTLE SHEEP
FLOCK TO GREENER PASTURES
Francesco Rotta
Andrea Femerstrand
blue orange

TOP THAT!
DASH TO MATCH THE MAGIC HAT STACK!
THIERRY DENOUAL
STEPHANE ESCAPA
2 TO 4 PLAYERS
blue orange

KING'S GOLD™
Stéphane Mauriet
blue orange

Kingdomino™

x 21

x 5

x 12

x 6

x 16

x 6


x 10

x 2

x 2

x 6

x 2

x 2

x 1

x 1

x 3

x 1